

**Mál nr. 106/2011**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar B**

**Kona slasast þegar hún klifraði upp í hillu í verslun og hillan gaf sig þ. 22.12.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.9.3.2011 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 23.3.2011 ásamt fylgiskjali

**Málsatvik.**

M var að gera innkaup í verslun og kom auga á kaffipakka sem hún vildi ná í og steig upp í hillu en náði ekki í kaffipakkann og steig þá aftur upp í hilluna og hélt sér í millihillu en millihillan féll út og vörur hrundu úr henna og M datt aftur fyrir sig og snéri sig á hægri ökkla. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V og telur að hillur hafi ekki verið kyrfilega festar og hvergi séu merki um að hillur séu lausar. M hafnar því að hún hafi auðveldlega getað nýtt sér koll sem var skammt frá til að ná í vöruna en engar merkingar séu um það að viðskiptavinir nýti kolla í þessu skyni. V hafnar bótaskyldu og telur þá aðferð sem M notaði hafi verið afar óheppilega og eðlilegra að hún hefði óskað eftir aðstoð starfsmanna og/eða notað koll sem var á vettvangi í stað þess að klifra upp í hillu og halda sér í aðra með ofangreindum afleiðingum. V telur að M beri ábyrgð á þessu óhappi sjálf vegna eigin aðgæsluleysis og þá sé ósannað að slys M verði rakið til sakar vátryggingataka.

**Álit.**

Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á að slys það sem hún varð fyrir í umrætt sinn verði rakið til sakar vátryggingataka eða starfsfólks hans eða annars sem vátryggingataki ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 19.4. 2011.

\_\_\_\_\_  
Rúnar Guðmundsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.